

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1349

2017/EES/48/38

frá 5. ágúst 2016

## um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir skófatnað

(tilkynnt með númeri C(2016) 5028) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB <sup>(2)</sup> var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir skófatnað. Í því skyni að endurspegla betur nýjustu tækni sem er á markaði fyrir þennan vöruflokk, og til að taka tillit til nýsköpunar á tímabilinu, þykir rétt að setja endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir.
- 4) Endurskoðuðu vistfræðilegu viðmiðanirnar miða einkum að því að koma á framfæri vörum sem hafa lítil umhverfisáhrif á vistferli sínum, einkum m.t.t. til eyðingar náttúruauðlinda, losunar frá framleiðsluferlum í vatn, loft og jarðveg og sem leggja sitt af mörkum til umhverfispáttarins í sjálfbærri þróun, eru endingargóðar og takmarka tilvist hættulegra efna.
- 5) Endurskoðuðu viðmiðanirnar efla einnig þátt félagsmála í sjálfbærri þróun með því að innleiddar eru kröfur sem varða vinnuskilyrði á lokasamsetningarstað með tilvísun í þríhliða yfirlýsingu Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar um fjölpjódafyrirtæki og félagsmálastefnu, hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum, leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi og viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölpjóðleg fyrirtæki.
- 6) Endurskoðuðu vistfræðilegu viðmiðanirnar, ásamt tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun, ættu að gilda í sex ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.
- 7) Því ætti að skipta út ákvörðun 2009/563/EB.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 214, 9.8.2016, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófatnað (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27).

- 8) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir skófatnað á grundvelli vistfræðilegu viðmiðananna, sem eru settar fram í ákvörðun 2009/563/EB, til að tryggja að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum vistfræðilegum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum ætti einnig að vera heimilt að leggja fram umsóknir sem byggjast á vistfræðilegum viðmiðunum, sem settar eru fram í ákvörðun 2009/563/EB, eða endurskoðuðu vistfræðilegu viðmiðunum, sem settar eru fram í þessari ákvörðun, í hæfilega langan tíma.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „skófatnaður“ falla allir hlutir, sem eru hannaðir í því skyni að vernda eða hylja fótinn, með viðfestum sóla sem kemst í snertingu við jörðu. Með fyrirvara um undanþágurnar, sem settar eru fram í 3. mgr., falla skófatnaður, sem fellur undir II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB <sup>(3)</sup>, og hlífðarskófatnaður, sem fellur undir tilskipun ráðsins 89/686/EBE <sup>(4)</sup> undir gildissviðið.
2. Skófatnaður getur verið samsettur úr ýmsum náttúrulegum efnum og/eða gerviefnum samkvæmt tilskipun 94/11/EB.
3. Eftirtaldar vörur eru ekki í þessum vöruflokki:
  - a) skófatnaður sem inniheldur rafmagns- eða rafeindaahluti,
  - b) skófatnaður sem fargað er eftir eina notkun,
  - c) sokkar með viðfestum sóla,
  - d) leikfangaskófatnaður.

##### 2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Yfirleður“: efri burðareiningin, samanstendur af einu eða fleiri efnum, sem er áföst slitsólanum. Yfirleður tekur til föðurs og bindsóla.
- 2) „Fóður og bindsólar“: fóður yfirleðurs og innsólans sem saman mynda innra byrði skófatnaðarins.
- 3) „Slitsóli“: neðsti hluti skófatnaðarins sem er festur við yfirleðrið.
- 4) „Samsetning skófatnaðar“: röð aðgerða sem miða að því að festa saman yfirleður og skósóla þannig að úr verði fullninn vara. Umbúðir um fullunna vöru eru þar með taldar.
- 5) „Samsetningarstaður skófatnaðar“: sá staður þar sem lokastig framleiðslunnar (frá skurði eða mótun efnis (fyrir sprautumótunarframleiðslu) þar til vöru er pakkað) sem varðar vöruna sem leyfi er fyrir og er áfram undir rekstrarstjórn umsækjandans, fara fram.
- 6) „Rokgjörn, lífræn efnasambönd“: lífræn efnasambönd sem hafa gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða eru rokgjörn í svipuðum mæli við þau notkunarskilyrði sem um er að ræða, eins og skilgreint er í EN 14602.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 37).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar (Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18).

- 7) „Efni sem er lífbrjótanlegt í eðli sínu“: efni sem sýnir 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringsmyndunar innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 14593, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B, ISO 9888, OECD 302 C.
- 8) „Auðlífbrjótanlegt efni“: efni sem sýnir 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringsmyndunar innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: OECD 301 A, ISO 7827, OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 301 D, ISO 10708, OECD 301 E, OECD 301 F, ISO 9408.

3. gr.

Vara skal falla undir vöruflokkinn „skófatnaður“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í sex ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „017“ notað fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“.

6. gr.

Ákvörðun 2009/563/EB er felld úr gildi.

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „skófatnaður“, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2009/563/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „skófatnaður“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/563/EB eða viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun. Umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem eru veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2009/563/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT OG SANNSPRÓFUN VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir skófatnað:

1. Uppruni húða og skinna, baðmullar, viðar og korks og tilbúinna beðmistrefja.
2. Minnkun vatnsnotkunar og takmörkun við sýtun húða og skinna.
3. Losun í vatn frá framleiðslu á leðri, textílefnum og gúmmí.
4. Rokgjörn, lífræn efnasambönd.
5. Hættuleg efni í vörunni og í efnisþáttum í skóm.
6. Skrá yfir efni sem sæta takmörkunum.
7. Mælipættir sem stuðla að aukinni endingu.
8. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja að því er varðar vinnutengda þætti.
9. Umbúðir.
10. Upplýsingar á umbúðunum.

*Mat og sannprófun:* Ítarlegar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar fyrir hverja viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum eða birgi/birgjum hans eða hennar eða birgi/birgjum þeirra, eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð, sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur, og sannprófanir aðila sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir eða vettvangsheimsóknir.

Fullunnin vara er eitt skópar. Kröfur eru miðaðar við skóstærð: skóstærð samkvæmt franska kerfinu „Paris point“: 42 fyrir karla, 38 fyrir konur, 40 fyrir bæði kynin, 32 fyrir börn (eða stærsta stærðin ef um er að ræða minni stærð en 32) og 26 fyrir börn yngri en þriggja ára.

Viðmiðanirnar gilda um lokaafurðina, nema annað sé tekið fram, sem samanstendur af yfirleðri og slitsóla sem eru úr ósamsettum efnum og hlutum sem mynda fullunnu vöruna.

Umsækjandinn skal leggja fram lista yfir efni í vörunni þar sem talin eru upp öll ósamsett efni og hlutir sem eru notuð. Þyngd sérhvers innihaldsefnis skal gefin upp í grömmum og sem hundraðshluti af yfirleðri og slitsólum. Tilgreina skal heildarþyngd fullunnu vörueiningarinnar.

Viðmiðun 6 vísar til skrár yfir efni sem sæta takmörkunum sem er að finna í viðbætinum. Í skránni er sett fram umfang takmarkanna og aðferðir við sannprófun, eftir því sem við á.

## VIÐMIÐANIR VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

**Viðmiðun 1 — Uppruni húða og skinna, baðmullar, viðar og korks og tilbúinna beðmistrefja og plasts**1.1. *Kröfur um húðir og skinn*

Óunnar húðir og skinn, sem ætlunin er að nota í fullunna vöru, skulu falla undir takmarkanirnar sem eru tilgreindar í viðmiðun 1.1(a) og 1.1(b)

## 1.1(a) Húðir og skinn

Viðmiðun 1.1(a) skal gilda þegar leðurinnihald í yfirleðri eða slitsólum er meira en 10,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig.

Einungis er heimilt að nota óunnar húðir og skinn af dýrum, sem eru alin til mjólkur- eða kjötrframleiðslu, til framleiðslu á leðri sem ætlunin er að nota í fullunnu vöruna.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu frá framleiðanda leðursins eða birgi húða eða skinna. Í yfirlýsingunni skal koma fram að leðurframleiðslufyrirtækið framkvæmi sannprófanir á hráefnum, sem eru notuð, til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum og að óunnar húðir og skinn, sem ætlunin er að nota í fullunnar vöru, komi af dýrum sem alin eru til mjólkur- eða kjötrframleiðslu.

## 1.1(b) Bannaðar húðir og skinn

Ekki skal nota óunnar húðir og skinn af tegundum sem eru útdauðar, útdauðar í náttúrunni, í bráðri hættu, í hættu, í yfirvofandi hættu og ekki háðar vernd samkvæmt flokkunum, sem eru settir fram á rauðlista Alþjóðanáttúruverndarsambandsins yfir tegundir sem er ógnað (e. *Red List of Threatened Species*)<sup>(1)</sup>, í fullunnu vöruna.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu frá framleiðanda leðursins eða leðurbirginum. Í yfirlýsingunni skal tilgreina upprunadýrið og lýsa því yfir að óunnar húðir og skinn, sem ætlunin er að nota í fullunna vöru, komi ekki af tegundum sem eru útdauðar, útdauðar í náttúrunni, í bráðri hættu, í hættu, í yfirvofandi hættu eða ekki háðar vernd samkvæmt flokkun Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.

1.2. *Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar af fræi*

Viðmiðun 1.2 skal gilda þegar innihald baðmullar í yfirleðri eða slitsólum er meira en 10,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig.

Baðmull sem inniheldur 70,0% (massahlutfall) eða meira af endurunnu innihaldi er undanþegin kröfunni í viðmiðun 1.2.

Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar af fræi (hér á eftir nefnt baðmull), sem eru ekki endurunnar trefjar, skulu innihalda lágmarksmagn af annað hvort lífrænni baðmull (sjá viðmiðun 1.2(a)) eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum (sjá viðmiðun 1.2(b))

Litið er svo á að textílefni, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB<sup>(2)</sup>, teljist uppfylla viðmiðun 1.2.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram samræmisýfirlýsingu.

Ef textílefni með umhverfismerki ESB eru notuð skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB.

Endurrunnið innihald skal, eftir atvikum, vera rekjanlegt til uppvinnslu hráefnisins. Það skal sannprófað með óháðri vottun þriðja aðila á aðfangakeðjunni eða með gögnum sem birgjar hráefnis og uppvinnsluaðilar leggja fram.

(1) <http://www.iucnredlist.org/>

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB frá 5. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur (Stjútíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 45).

## 1.2(a) Framleiðslustaðall fyrir lífræna vöru

Að undanskildum skófatnaði sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára skal rækta að lágmarki 10% baðmullartrefjanna (massahlutfall), sem eru ekki endurunnar, sem eru notaðar í vöruna, samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun (e. *US National Organic Programme* (NOP)) eða sambærilegum lagalegum skuldbindingum sem eru fastsettar af viðskiptaaðilum ESB. Innihald af lífrænni baðmull getur verið lífrænt ræktuð baðmull eða baðmull ræktuð á umbreytingartímabili.

Að minnsta kosti 95% (þyngdarhlutfall) af baðmullartrefjum, sem eru ekki endurunnar, sem eru notaðar í skófatnað sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára, skal vera lífræn baðmull.

Ef blanda á lífrænu baðmullinni saman við hefðbundna baðmull eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum skal baðmullin vera af óerfðabreyttu baðmullaryrki.

Einungis má fullyrða að innihaldið sé lífrænt ef lífræna innihaldið er a.m.k. 95%.

*Mat og staðfesting:* Umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi að því er varðar lífrænt innihald, sem er studd sönnunargögnum, sem eru vottuð af óháðum eftirlitsaðila, um að það hafi verið framleitt í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun eða þær kröfur sem eru fastsettar af öðrum viðskiptaaðilum. Sannpröfun fyrir hvert upprunaland skal lögð fram.

Umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal sýna fram á að farið sé að kröfum um lágmarksinnihald lífrænnar baðmullar, á grundvelli þess magns af baðmull sem er keypt árlega til notkunar við framleiðslu fullunnu vörunnar, eða varanna, og samkvæmt hverri vörulínu. Leggja skal fram viðskiptaskrár og/eða reikninga sem skjalfesta magn vottaðrar baðmullar sem keypt er.

Að því er varðar hefðbundna baðmull eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem er notuð í blöndum með lífrænni baðmull, skal taka skimunarpröfun fyrir almennri erfðabreytingu gilda sem sönnun fyrir því að baðmullartegundirnar séu í samræmi við viðmiðanirnar.

## 1.2(b) Baðmullarframleiðsla samkvæmt meginreglum samþættra varna gegn skaðvöldum og takmarkanir vegna varnarefna

Að undanskildum skófatnaði, sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára, skal rækta að lágmarki 20% baðmullartrefjanna (massahlutfall), sem eru ekki endurunnar, sem eru notaðar í vöruna, samkvæmt meginreglum samþættra varna gegn skaðvöldum, í skilningi áætlunar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um samþætta varnir gegn skaðvöldum, eða kerfum samþættrar stjórnunar við ræktun sem fela í sér meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum.

Að minnsta kosti 60% af baðmullartrefjum, sem eru ekki endurunnar, sem eru notaðar í skófatnað sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára, skulu ræktaðar samkvæmt meginreglum samþættra varna gegn skaðvöldum.

Baðmull, sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem ætlunin er að nota í fullunnu vöruna, skal ræktuð án þess að nokkur eftirtalinna efna séu notuð: aldíkarb, aldrín, kamfeklór (toxafen), kaptafól, klórdan, 2,4,5-T, klórdímeform, sýpermetrín, díklórdífenýltríklóretan (DDT), díeldrín, dínóseb og sölt þess, endósúlfan, endrín, heptaklór, hexaklórbensen, hexaklórsýklóhexan (allar hverfur), metamídófos, metýlparaþíón, mónókrótófos, neóníkótínóíð, (klóþíanidín, imídaklópríð, þíametoxam), paraþíón, pentaklórfenól.

*Mat og sannpröfun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 1.2(b) sem er studd sönnunargögnum um að a.m.k. 20% baðmullartrefjanna (massahlutfall), sem eru ekki endurunnar, sem eru í vörunni, eða 60% (massahlutfall) ef um er að ræða skófatnað sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára, séu ræktaðar af bændum sem hafa tekið þátt í formlegum þjálfunaráætlunum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eða opinberum áætlunum um samþætta varnir gegn skaðvöldum og samþætta stjórnun við ræktun og/eða sem hafa gengist undir úttekt sem hluti af vottuðu kerfi þriðja aðila um samþætta varnir gegn skaðvöldum. Sannpröfun skal annað hvort lögð fram árlega fyrir hvert upprunaland eða á grundvelli vottorða fyrir alla baðmull, sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem er keypt til að framleiða vöruna.

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

Umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal einnig lýsa því yfir að það mullin, sem er rættuð með samþættem vörnum gegn skaðvöldum, hafi ekki verið rættuð með notkun neinna af efnunum sem eru tilgreind í viðmiðun 1.2(b). Vottunarkerfi fyrir samþætтар varnir gegn skaðvöldum, sem útiloka notkun á skráðum efnum, skulu tekin gild sem sönnun fyrir reglufylgni.

### 1.3. *Sjálfbær viður og korkur*

Viðmiðun 1.3 skal gilda þegar innihald viðar eða korks, sem er notað í yfirleður eða slitsóla, er meira en 10,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig.

Allur viður og korkur skulu falla undir aðfangakeðjuvottorð, sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, t.d. skógarnytjaráðinu (FSC), áætlun um viðurkenningu á skógavottunarkerfinu (PEFC) eða jafngildu kerfi.

Nýr viður og korkur skal ekki vera upprunninn úr tegundum sem eru erfðabreyttar lífverur og skal hafa gild vottorð vegna sjálfbærrar skógarstjórnunar og aðfangakeðu sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, s.s. FSC, PEFC eða jafngildu kerfi.

Ef vottunarkerfi heimilar blöndun á óvottuðu efni og vottuðum og/eða endurunnum efnum í vöru eða framleiðslulínu skal a.m.k. 70% af viðnum eða korknum, eins og við á, vera nýtt efni með vottun um sjálfbærni og/eða endurrunnið efni.

Óvottað efni skal falla undir sannpröfunarkerfi sem tryggir að uppruni þess sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottað efni.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðu skulu faggiltir eða viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

*Mat og sannpröfun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi, sem er studd með gildu aðfangakeðjuvottorði eða gildum aðfangakeðjuvottorðum, vottuð af óháðum aðilum, fyrir allt viðar- og korkefni, sem er notað í vöruna eða framleiðslulínuna og sýna fram á að a.m.k. 70% af viðnum eða korknum sé upprunnið úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógvörslu og/eða úr endurunnu efni sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðkomandi, óháðu vottunarkerfi fyrir aðfangakeðu. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila. Ef ekki er gerð krafa um það í kerfinu að allt nýtt efni sé upprunnið úr tegundum sem eru ekki erfðabreyttar lífverur skal leggja fram viðbótarsannanir til að sýna fram á það.

Ef vara eða framleiðslulína inniheldur óvottað nýtt efni skal leggja fram sönnun fyrir því að óvottað nýtt efni sé innan við 30% og það falli undir sannpröfunarkerfi sem tryggir að uppruni þess sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottað efni.

### 1.4. *Tilbúnar beðmistrefjar (þ.m.t. viskósa, módal og lýósell)*

Viðmiðun 1.4 skal gilda þegar innihald tilbúinna beðmistrefja, sem eru notaðar í yfirleður eða slitsóla, er meira en 10,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig.

Tilbúnar beðmistrefjar, sem innihalda 70,0% (massahlutfall) eða meira af endurunnu innihaldi, eru undanþegnar kröfunni í viðmiðun 1.4.

Að lágmarki 25,0% trefjamauks, sem er ekki endurrunnið, skal framleitt úr viði sem er ræktaður samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógarstjórnunar í skilningi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Afgangur trefjamauksins, sem er ekki endurrunnið skal vera úr trefjum sem eru fengnar með löglegri skógrækt og af löglegum plantekrum.

Litið er svo á að textílvörur, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðun 1.4.



*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram samræmisýfirlýsingu.

Ef textílvörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB. Að öðrum kosti skal umsækjandinn útvega gild aðfangakeðjuvottorð frá trefjaframleiðandanum eða -framleiðendunum, vottuð af þriðja aðila, sem sýna fram á að viðartrefjarnar séu ræktaðar samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógarstjórnunar og/eða hafi löglegan uppruna. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun.

Framleiðandi trefjanna skal sýna fram á að ferlum áreiðanleikakannana hafi verið fylgt, eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 <sup>(1)</sup>, til að ganga úr skugga um að timbur sé löglega höggvið. Gild leyfi samkvæmt áætlun Evrópusambandsins um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT) eða samningi Sameinuðu þjóðanna um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) og/eða vottun þriðja aðila skulu tekin gild sem sönnunargögn um löglegan uppruna.

Endurrunnið innihald skal, eftir atvikum, vera rekjanlegt til uppvinnslu hráefnisins. Þetta skal sannprófað með óháðri vottun þriðja aðila á aðfangakeðjunni eða með gögnum sem birgjar hráefnis og uppvinnsluaðilar leggja fram.

#### 1.5. *Plast*

Ekki skal nota pólývínýlklóríðplast í neinn hluta vörunnar.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram samræmisýfirlýsingu.

### **Viðmiðun 2 — Minnkun vatnsnotkunar og takmörkun við súttun húða og skinna**

Óunnar húðir og skinn, sem ætlunin er að nota í fullunnu vöruna, skulu falla undir takmörkun á vatnsnotkun við súttun eins og tilgreint er í viðmiðun 2.1.

Leður, sem notað er í vörur sem eru ætlaðar börnum yngri en þriggja ára, skal falla undir takmörkun á krómsúttun eins og tilgreint er í viðmiðun 2.2.

#### 2.1. *Vatnsnotkun*

Viðmiðunin skal gilda þegar innihald leðurs, sem er notað í yfirleður eða slitsóla, er meira en 10,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig.

Vatnsnotkun, gefin upp sem ársmeðaltal vatnsmagns sem er notað á hvert tonn af óunnum húðum og skinnum, skal ekki fara yfir gildin sem tilgreind eru í töflu 1.

*Tafla 1*

#### **Leyfð hámarksnotkun vatns í súttunarferlum**

Húðir	28 m <sup>3</sup> /t
Skinn	45 m <sup>3</sup> /t
Jurtasútað leður	35 m <sup>3</sup> /t
Skinn af svínnum	80 m <sup>3</sup> /t
Skinn af sauðfé	180 l/skinn

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23).

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu frá leðurbirgi eða leðurframleiðslufyrirtæki, eins og við á. Í yfirlýsingunni skal tilgreina árlegt magn leðurframleiðslu og tengda vatnsnotkun á grundvelli mánaðarlegra meðaltalsgilda næstliðinna 12 mánaða fyrir umsókn, mælt með magni skólps sem er losað.

Ef landfræðileg staðsetning leðurframleiðsluferlisins er annað skal umsækjandi eða birgir hálfunnins leðurs leggja fram gögn þar sem tilgreint er magn vatns sem er losað ( $m^3$ ) í tengslum við magn hálfunnins leðurs sem er framleitt í tonnum (t) eða fjölda skinna af sauðfé, eins og við á, á grundvelli mánaðarlegra meðaltalsgilda næstliðinna 12 mánaða fyrir umsókn.

## 2.2. Takmörkun við sýtun á húðum og skinnum

Að því er varðar skófatnað, sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára, skal vinna óunnar húðir og skinn sem ætlunin er að nota í fóður og bindsóla, eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr., með sýtunartækni án króms.

*Mat og sannprófun:* að því er varðar skófatnað, sem er ætlaður börnum yngri en þriggja ára skal umsækjandi leggja fram samræmisýfirlýsingu frá leðurframleiðanda eða leðurbirgi, eins og við á, með þeim upplýsingum að leðrið, sem notað er í innri hluta skófatnaðarins (fóður og/eða bindsóla) sé sýtað án króms. Í yfirlýsingunni skal tilgreint hvaða sýtunarefni er notað við vinnslu óunninna húða og skinna.

## Viðmiðun 3 — Losun í vatn frá framleiðslu á leðri, textílefnum og gúmmí

Textílefni, leður og gúmmí, sem ætlunin er að nota í fullunnu vöruna, skulu falla undir takmörkun um losun í vatn.

Viðmiðunin skal ávallt gilda þegar innihald leðurs, textílefnis eða gúmmís, eins og við á, er notað í yfirleður eða slitsóla og er meira en 10,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig.

### 3.1. Efnafraeðileg súrefnisþörf í skólpi frá sýtunarverksmiðjum

Gildi fyrir efnafraeðilega súrefnisþörf (COD) í skólpi frá sýtunarverksmiðjum, þegar það er losað í yfirborðsvatn eftir meðhöndlun (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar), skal ekki fara yfir 200 mg/l.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með ítarlegum gögnum og prófunarskýrslum í samræmi við ISO 6060 þar sem sýnt er fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals næstliðinna sex mánaða fyrir umsókn. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu framleiðslustaðarins eða, ef frárennslið er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar.

### 3.2. Efnafraeðileg súrefnisþörf í skólpi frá frágangsvinnslu textílefna

Gildi fyrir efnafraeðilega súrefnisþörf í skólpi, sem er losað vegna frágangsvinnslu textílefna, skal ekki fara yfir 20,0 g/kg af textílefnum sem unnin eru.

Í frágangsvinnslu felst herðing með hita, litun með hita, yfirborðsmeðferð og gegndreypping textílefna. Þessi krafa skal gilda um blautvinnslu sem er notuð við fullvinnslu á textílefni. Þátturinn, sem krafan tekur til, skal mældur neðan við skólphreinsistöð á staðnum eða neðan við skólphreinsunarstöð sveitarfélags sem tekur við skólpi frá þessum vinnslustöðum.

Litið er svo á að textílvörur, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðun 3.2.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram samræmisýfirlýsingu.

Ef textílvörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB.

Að öðrum kosti skal umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, leggja fram ítarleg gögn og prófunarskýrslur í samræmi við ISO 6060 þar sem sýnt er fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals næstliðinna sex mánaða fyrir umsókn. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu framleiðslustaðarins eða, ef frárennslið er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar.

### 3.3. *Efnafræðileg súrefnisþörf í skólpi frá vinnslu á náttúrulegu gúmmí og gervigúmmí*

Gildi fyrir efnafræðilega súrefnisþörf (COD) í skólpi frá vinnslu á náttúrulegu gúmmí eða gervigúmmí, eftir því sem við á, þegar það er losað í yfirborðsvatn eftir meðhöndlun (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar), skal ekki fara yfir 150,0 mg/l. Þessi krafa skal gilda um blautvinnslu sem er notuð við framleiðslu á gúmmí.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með ítarlegum gögnum og prófunarskýrslum sem eru byggð á ISO 6060 þar sem sýnt er fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals næstliðinna sex mánaða fyrir umsókn. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu framleiðslustaðarins eða, ef frárennslið er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar.

### 3.4. *Króm í skólpi frá sítunarstöð eftir meðhöndlun*

Heildarstyrkur króms í skólpi frá sítunarstöð eftir meðhöndlun skal ekki fara yfir 1,0 mg/l eins og tilgreint er í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/84/ESB <sup>(1)</sup>.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða efnabirgir, eins og við á, skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með prófunarskýrslu þar sem notuð er ein af eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 9174, EN 1233 eða EN ISO 11885 fyrir króm og sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals næstliðinna sex mánaða fyrir umsókn. Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við bestu, fánlegu tækni 10 og annað hvort bestu, fánlegu tækni 11 eða bestu, fánlegu tækni 12, eins og við á, í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/84/ESB að því er varðar að draga úr krómminnihaldi í losuðu skólpi.

## **Viðmiðun 4 — Rokgjörn, lífræn efnasambönd**

Heildarnotkun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda á lokastigi skóframleiðslunnar skal að meðaltali ekki vera meiri en 18,0 g af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum á hvert skópar, nema annað sé tekið fram.

Að því er varðar skófatnað, sem er flokkaður sem persónuhlífar í samræmi við tilskipun 89/686/EBE, skal heildarnotkun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda á lokastigi skóframleiðslunnar að meðaltali ekki vera meiri en 20,0 g af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum/ á hvert skópar.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisyfirlýsingu sem er studd með útreikningi á heildarnotkun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda á lokastigi skóframleiðslunnar í samræmi við EN 14602. Útreikningurinn skal studdur með prófunarniðurstöðum og gögnum (skrá yfir aðkeypt leður, lím, áferðarefni og framleiðslu skófatnaðar), eins og við á.

Eftir atvikum skal leggja fram afrit af vottun, sem gefin er út af vottunaraðila sem er tilkynntur samkvæmt tilskipun 89/686/EBE, sem sannar að varan sé flokkuð sem persónuhlíf.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/84/ESB frá 11. febrúar 2013 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna sítunar á húðum og skinum (Stjtið. ESB L 45, 16.2.2013, bls. 13).

**Viðmiðun 5 - Hættuleg efni í vörunni og í efnisþáttum í skóm**

Tilvist efna og blandna, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun skv. 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 <sup>(1)</sup> sem sérlega varasöm efni eða efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun, merkingu og pökkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 <sup>(2)</sup>, m.t.t. þeirrar hættu sem er tilgreind í töflu 2, skal takmörkuð í fullunninni vöru og öllum ósamsettum efnum eða hlutum hennar í samræmi við viðmiðun 5.1 og 5.2.

Að því er varðar þessa viðmiðun er skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni og hættuflokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun raðað saman í töflu 2 samkvæmt hættueiginleikum þeirra.

Viðmiðunin gildir ekki um efni eða blöndur sem breyta eiginleikum sínum við vinnslu (með öðrum orðum efni sem verða ekki lengur lífaðgengileg eða verða fyrir efnabreytingum) þannig að tilgreind hættu á ekki lengur við. Þar á meðal eru efnahvörf þar sem efnum hefur verið umbreytt, s.s. fjölliðun þar sem einliður eða aukefni fá samgild tengi.

Litið er svo á að textílvörur, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðun 5.

*Tafla 2***Flokkun takmarkandi hættuþátta****Hætta - hópur 1 — sérlega varasöm efni**

Hætta sem tilgreinir efni eða blöndu þannig að hún tilheyrir hópi 1:

- Efni sem eru í skrá Efnastofnunar Evrópu yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni <sup>(1)</sup>
- Efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða hafa eiturrhif á æxlun (CMR-efni), undirflokkur 1A eða 1B: H340, H350, H350i, H360, H360F, H360D, H360FD, H360Fd, H360Df

**Hætta - hópur 2 — hættu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun**

Hætta sem tilgreinir efni eða blöndu þannig að hún tilheyrir hópi 2:

- 2. undirflokkur, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun: H341, H351, H361f, H361d, H361fd, H362
- 1. undirflokkur, eiturrhif á vatnsumhverfi: H400, H410
- 1. og 2. undirflokkur, bráð eiturrhif: H300, H310, H330
- 1. undirflokkur, eiturrhif við ásvelgingu: H304
- 1. undirflokkur, sértæk eiturrhif á marklíffæri (STOT): H370, H372
- 1. undirflokkur, húðnæmir: H317

**Hætta - hópur 3 — hættu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun**

Hætta sem tilgreinir efni eða blöndu þannig að hún tilheyrir hópi 3:

- 2., 3. og 4. undirflokkur, eiturrhif á vatnsumhverfi: H411, H412, H413
- 3. undirflokkur, bráð eiturrhif: H301, H311, H331, ESB-H070
- 2. undirflokkur, sértæk eiturrhif á marklíffæri (\*): H371, H373

<sup>(1)</sup> Efnastofnun Evrópu, skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, til samþykkis, <http://www.echa.europa.eu/candidate-list-table>.

(\* ) STOT = Sértæk eiturrhif á marklíffæri.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

### 5.1. *Takmörkun á efnum sem eru sérlega varasöm*

Fullunna varan og öll ósamsett efni eða hlutir hennar skulu ekki innihalda efni, sem hafa verið tilgreind samkvæmt málsmeðferðinni sem lýst er í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall).

Engar undanþágur skulu veittar fyrir sérlega varasöm efni í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni ef þau eru til staðar í fullunnu vörunni eða í ósamsettum efnum eða hlutum, sem mynda hluta fullunninnar vöru, í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall).

Skimunin skal byggð á greiningu á mögulegri tilvist slíkra efna í vörunni.

*Mat og sannpröfun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu sem er studd, eftir því sem við á, með yfirlýsingum frá efnabirgi um að fullunnin vara eða ósamsett efni eða hlutar sem mynda hluta vörunnar innihaldi ekki sérlega varasöm efni í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall). Yfirlýsingarnar skulu innihalda tilvísun í nýjustu útgáfu skrár yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni sem Efnastofnun Evrópu <sup>(1)</sup> birtir.

Ef textílvörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB.

### 5.2. *Takmörkun sem grundvallast á efnum og blöndum sem eru flokkuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun*

Viðmiðunin skal gilda þegar innihald ósamsetts efnis eða hlutar í yfirleðri eða slitsóla, að undanskildu fódri og bindsólum, eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar, er meira en 3,0% (massahlutfall) af hvorum efnisþætti um sig. Að því er varðar fódur og bindsóla skal sérhvert ósamsett efni eða hlutur, sem notað er í fódur og bindsóla, falla undir takmörkun eins og tilgreint er í næstu málsgrein.

Efni og blöndur, sem falla undir hópana sem eru tilgreindir í töflu 3, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun samkvæmt hættu í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun í töflu 2, skulu ekki vera til staðar í neinum ósamsettum efnum eða hlutum, sem mynda hluta fullunninnar vöru, í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall).

#### *Tafla 3*

#### **Hópar efna og blandna sem viðmiðun 5.2. skal gilda um**

- 
- Virk efni í sæfivörum
  - Leysilítarefni (þ.m.t. blek, fastlítarefni og lökk)
  - Burðarefni (hjálparefni), sléttiefni, þanefni og dreifiefni, yfirborðsvirk efni
  - Fituefnaáburður (e. *fatliquoring agent*)
  - Leysar
  - Þykkingarefni vegna prentunar, bindiefni og mýkiefni til notkunar við prentun
  - Eldtefjandi efni
  - Víxltengiefni, lím
  - Fæliefni fyrir vatn, óhreinindi og bletti.
- 

Notkun tiltekinna efna og blandna, sem um getur í töflu 3, er undanþegin kröfum í viðmiðun 5.2 með fyrirvara um skilyrðin sem eru tilgreind í töflu 4.

(1) Efnastofnun Evrópu, skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, til samþykkis, <http://www.echa.europa.eu/candidate-list-table>.

Tafla 4

## Skilyrði fyrir undanþágu sem skulu gilda um notkun sérvirkra efna og blandna

Efni og blöndur	Gildissvið undanþágu	Skilyrði undanþágu	Notkunarsvið, að því er varðar skófatnað
Nikkel	H317, H351, H372	Nikkel getur einungis verið í ryðfríu stáli. Losunarhraði nikkels úr ryðfríu stáli skal vera minni en eða jafn og 0,5 µg/cm <sup>2</sup> /viku, eins og tilgreint er í viðmiðun 6 (skrá yfir efni sem sæta takmörkunum).	Táhlífar úr málm og fylgihlutir skófatnaðar
Leysilitarefni fyrir litun og prentun án fastlitarefna	H301, H311, H331, H317	Í því skyni að lágmarka váhrif á starfsfólk skulu litunarstöðvar og prentsmiðjur nota ryklaugar samsetningar leysilitarefna eða sjálfvirka skömmtun leysilitarefna.	Leysilitarefni
Leysilitarefni fyrir litun og prentun án fastlitarefna	H411, H412, H413	Leysilitunarvinnsla þar sem notaðir eru hvarfgjarnir leysilitir, jafnleystir, kerleystir eða brennisteinsleystir með þessum flokkunum skal a.m.k. uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum: 1. Notaðir eru leysilitir með mikla sækni. 2. Tíðni gallaðra vara er haldið innan við 3,0%. 3. Notaður er tækjabúnaðar við litaðhæfingu. 4. Notaðar eru staðlaðar verklagsreglur við leysilitunarvinnslna. 5. Notuð er fjarlæging litarefna til að meðhöndla skólþ. Notkun litunar á spunalausnum og/eða stafræn prentun er undanþegin frá þessum skilyrðum.	Leysilitarefni
Fæliefni fyrir vatn, óhreinindi og bletti	H413	Fæliefnið og niðurbrotsefni þess skulu vera auðlífbrotanleg og/eða lífbrotanleg efni í eðli sínu og efni sem ekki safnast saman í lífverum í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaseti.	Vatnsfælni

Efnaleifar hjálparefna sem finnast í samsettum eignum eða hlutum sem mynda hluta fullunninnar vöru

Hjálparefni samanstanda af: burðarefnum, sléttiefnum, dreifiefnum, yfirborðsvirkum eignum, þykkingarefnum, bindiefnum	H301, H311, H331, H371, H373, H317 (1B), H411, H412, H413, EUH070,	Uppskriftir skulu settar þannig fram að notuð séu sjálfvirk skömmtunarkerfi og vinnsluferli skulu fylgja stöðluðum verklagsreglum. Efni, sem eru flokkuð með H311, H331, H317 (1B), skulu ekki vera til staðar í styrk sem er meiri en 1,0%, miðað við þyngd, í neinu ósamsettu efni eða hlut sem myndar hluta fullunnu vörunnar.	Hjálparefni
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 5.2 sem er studd, eftir því sem við á, með yfirlýsingum frá efnabirgi/-birgjum. Yfirlýsingin skal studd með skrá yfir efni og/eða efni í blöndum, eins og tilgreint er í töflu 3, sem eru til staðar í sérhverju ósamsettu efni eða hlut, sem myndar hluta fullunnar vörunnar, ásamt upplýsingum um hvort þau séu flokkuð í hættuflokk eða ekki.

Eftirfarandi upplýsingar skulu lagðar fram fyrir hvert efni eða blöndu til stuðnings yfirlýsingum um hvort þau séu flokkuð í hættuflokk eða ekki:

- CAS-númer efnisins, EB-númer eða númer í skrá (ef þau liggja fyrir um blöndur),
- eðlisástandið og hamurinn sem efnið eða blandan eru notuð í,
- samræmd hættuflokkun fyrir efni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun,
- sjálfefnunarfarlsur í gagnagrunni Efnastofnunar Evrópu um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) ef samræmd flokkun er ekki fyrir hendi <sup>(1)</sup>,
- flokkun blöndu samkvæmt viðmiðuninni sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun.

Þegar hugað er að sjálfefnunarfarlsurum í gagnagrunni um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) skulu færslur úr sameiginlegri framlagningu njóta forgangs.

Ef flokkun er skráð með „gögn vantar“ eða „ófullnægjandi“ samkvæmt gagnagrunni um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) eða ef efni hefur enn ekki verið skráð samkvæmt efnareglugerðinni skal leggja fram eiturefnafræðileg gögn, sem uppfylla kröfurnar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem nægja til að styðja endanlega sjálfefnunarfarlsur í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og stuðningsleiðbeiningar Efnastofnunar Evrópu. Ef um er að ræða gagnagrunnsfærslur með „gögn vantar“ eða „ófullnægjandi“ skal staðfesta sjálfefnunarfarlsur; í því sambandi eru eftirfarandi upplýsingaveitur teknar gildar:

- Eiturefnafræðilegar rannsóknir og hættumat af hálfu eftirlitsstofnana sem eru á sama stigi og Efnastofnun Evrópu <sup>(2)</sup>, eftirlitsstofnana aðildarríkja eða milliríkjastofnana.
- Öryggisblað, fyllt út til fulls í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- Skjalfest sérfræðiálit frá sérfræðingi í eiturefnafræði. Þetta skal byggt á endurskoðun á birtum vísindaskrifum og fyrirliggjandi prófunargögnum, stutt, ef nauðsyn krefur, með niðurstöðum úr nýjum prófunum sem óháðar rannsóknarstofur framkvæma með aðferðum sem Efnastofnun Evrópu viðurkennir.
- Staðfesting, byggð á sérfræðiálit eftir því sem við á, sem gefin er út af viðurkenndri samræmisáttastofu sem annast hættumat samkvæmt hnattsamræmdu kerfi um flokkun og merkingu iðefna eða kerfi til hættuflokkunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Upplýsingar um hættulega eiginleika efna eða blandna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af meginlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Að því er varðar efni og blöndur sem njóta undanþágu, sem eru tilgreind í töflu 4, skal umsækjandi leggja fram sannanir fyrir því að öll skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt.

Ef textílvörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB.

## Viðmiðun 6 — Skrá yfir efni sem sæta takmörkunum

Viðmiðunin skal gilda þegar sérhvert ósamsett efni eða hlutur, sem er notaður í yfirleður eða slitsóla, er meira en 3,0% (massahlutfall), af hvorum efnisþætti um sig.

<sup>(1)</sup> Efnastofnun Evrópu, gagnagrunnur um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH): <http://www.echa.europa.eu/information-on-chemicals/registered-substances>.

<sup>(2)</sup> Efnastofnun Evrópu, „Cooperation with peer regulatory agencies“, <http://echa.europa.eu/en/about-us/partners-and-networks/international-cooperation/cooperation-with-peer-regulatory-agencies>

Fullunnin vara, ósamsett efni eða hlutir, sem mynda hluta fullunninnar vöru, eða uppskriftir fyrir framleiðsluna sem eru notaðar, eftir því sem við á, skulu ekki innihalda efni sem tilgreind eru í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum. Notkunarsvið, umfang takmarkana, sannprófun og prófunarkröfur er að finna í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum fyrir hvert efni eða efnaflokk. Skrána yfir efni sem sæta takmörkunum er að finna í viðbættinum við þessa ákvörðun.

Umsækjandi skal senda skrána yfir efni sem sæta takmörkunum til allra birgja efna eða hluta sem verða notaðir sem efnisþættir í vöru með umhverfismerki ESB.

Litið er svo á að textílvörur, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðun 6.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi og efnabirgir/-birgjar, eins og við á, skulu leggja fram yfirlýsingu um samræmi við skrána yfir efni sem sæta takmörkunum, sem er studd með gögnum sem eiga við um efnin og blöndurnar sem eru notuð við framleiðslu á fullunnu vörunni eða efnun hennar. Leggja skal fram sannprófun fyrir hverja viðkomandi kröfu, eins og tilgreint er í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum, sem getur tekið til:

- yfirlýsinga, sem er aflað frá þeim sem bera ábyrgð á tengdum framleiðslustigum,
- yfirlýsinga frá efnabirgjum eða
- prófunarniðurstaðna úr greiningu á rannsóknarstofu á sýnum úr fullunnu vörunni.

Ef gerð er krafa um slíkt skulu öryggisblöð fyllt út í samræmi við leiðbeiningarnar í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (kröfur um samantekt öryggisblaða). Ef öryggisblöð eru ekki fyllt út að fullu er gerð krafa um viðbótaryfirlýsingar frá efnabirgjum.

Ef gerð er krafa um greiningu á rannsóknarstofu á fullunninni vöru skal hún framkvæmd á sérstökum framleiðslulínunum og byggð á slembiúrtaki. Ef slíkt er tekið fram skal framkvæma hana árlega á leyfistímabilinu til að sýna fram á áframhaldandi samræmi við viðmiðun samkvæmt skránni yfir efni sem sæta takmörkunum og senda síðan niðurstöðurnar til viðkomandi, þar til bærð aðila.

Prófunargögn, sem aflað er í þeim tilgangi að sýna fram á samræmi við skrána yfir efni sem sæta takmörkunum í iðnaðinum og önnur vottunarkerfi fyrir skófatnað, skulu tekin gild ef prófunaraðferðirnar eru jafngildar.

Ef textílvörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorði fyrir umhverfismerki ESB sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun 2014/350/ESB.

#### **Viðmiðun 7 — Mæliþættir sem stuðla að aukinni endingu**

Vinnu- og öryggisskór skulu bera CE-merkið og skulu uppfylla kröfur um endingu sem eru tilgreindar í samræmi við tilskipun 89/686/EBE. Allur annar skófatnaðar skal uppfylla þær kröfur sem eru tilgreindar í töflu 5.



Tafla 5

## Mæliþættir sem varða endingu

Mæliþáttur/Stöðluð prófunaraðferð		Íþróttaskór	Barnaskór	Léttir hversdagsskór	Götuskór karla	Kuldaskór	Götuskór kvenna	Tískuskór	Ungbarnaskór	Inniskór
Sveigjuþol yfirleðurs: (kc án sýnilegra skemmda)/EN 13512		Þurrir = 100 Blautir = 20	Þurrir = 100 Blautir = 20	Þurrir = 80 Blautir = 20	Þurrir = 80 Blautir = 20	Þurrir = 100 Blautir = 20 – 20° = 30	Þurrir = 50 Blautir = 10	Þurrir = 15	Þurrir = 15	Þurrir = 15
Mótstaða yfirleðurs gegn því að rifna (Meðalkraftur við rifnun, N)/EN 13571	Leður	≥ 80	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
	Önnur efni	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
Sveigjuþol sóla: EN 17707	Skurðstækkun (mm) NSC = engar sjálfsprottnar sprungur	≤ 4 NSC	≤ 4 NSC	≤ 4 NSC	≤ 4 NSC	≤ 4 NSC við – 10 °C	≤ 4 NSC			
Slitstyrkur sóla/EN 12770	$D \geq 0,9 \text{ g/cm}^3$ (mm <sup>3</sup> )	≤ 200	≤ 200	≤ 250	≤ 350	≤ 200	≤ 400			≤ 450
	$D < 0,9 \text{ g/cm}^3$ (mg)	≤ 150	≤ 150	≤ 170	≤ 200	≤ 150	≤ 250			≤ 300
Viðloðun slitsóla (N/mm)/EN 17708		≥ 4,0	≥ 4,0	≥ 3,0	≥ 3,5	≥ 3,5	≥ 3,0	≥ 2,5	≥ 3,0	≥ 2,5
Mótstaða sóla gegn því að rifna (Meðalkraftur, N/mm)/EN 12771	$D \geq 0,9 \text{ g/cm}^3$	8	8	8	6	8	6	5	6	5
	$D < 0,9 \text{ g/cm}^3$	6	6	6	4	6	4	4	5	4
Litheldni innra byrðis skófatnaðarins (fóðurs eða innra byrðis yfirleðurs). Grákvarði á filti eftir 50 þvotta/EN ISO 17700		≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3		≥ 2/3	≥ 2/3
Slitstyrkslotur fóðurs og bindsóla/EN 17704		> 25600 þurrir > 12800 blautir	> 25600 þurrir > 12800 blautir	> 25600 þurrir > 12800 blautir	> 25600 þurrir > 6400 blautir	> 25600 þurrir > 12800 blautir	> 25600 þurrir > 6400 blautir	> 25600 þurrir > 3200 blautir	>= 25600 þurrir >= 12800 blautir	> 8400 þurrir > 1600 blautir

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu sem er studd með prófunarskýrslum eins og tilgreint er í töflu 5.

Eftir atvikum skal leggja fram afrit af vottun, sem gefin er út af vottunaraðila sem er tilkynntur samkvæmt tilskipun 89/686/EBE, sem sannar að varan sé flokkuð sem persónuhlíf.

### **Viðmiðun 8 — Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja að því er varðar vinnutengda þætti**

Kröfur í þessari viðmiðun skulu gilda um staðinn þar sem lokasamsetning skófatnaðarins fer fram.

Með hliðsjón af þríhliða yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um fjölþjóðafyrirtæki og félagsmálastefnu, hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (stoð 2), leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki skal umsækjandinn afla sannprófunar þriðja aðila, sem er studd með úttekt(um) á vettvangi, um að gildandi meginreglur í grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og viðbótarákvæðin hér á eftir hafi verið virt á staðnum þar sem lokasamsetning skófatnaðarins fer fram.

Grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar:

i. Barnavinna:

- Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu, 1973 (nr. 138).
- Samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999 (nr. 182).

ii. Þvingunar- og nauðungarvinna:

- Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, 1930 (nr. 29) og bókun frá 2014 við samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
- Samþykkt um afnám nauðungarvinnu, 1957 (nr. 105).

iii. Félagafrelsi og réttur til almennra kjarasamninga:

- Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948 (nr. 87).
- Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 (nr. 98).

iv. Mismunur:

- Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951 (nr. 100).
- Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, 1958 (nr. 111).

Viðbótarákvæði:

v. Vinnustundir:

- Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnutíma, 1919 (iðnaður) (nr. 1).

vi. Launagreiðslur:

- Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um ákvörðun lágmarkslauna, 1970 (nr. 131).
- Laun sem hægt er að lifa af: Umsækjandi skal tryggja að laun, sem eru greidd fyrir hefðbundna vinnuviku, uppfyllti ætíð a.m.k. lágmarkskröfur samkvæmt lögum eða í atvinnugreininni, nægi til að uppfylla grunnþarfir starfsfólks og gefi eitthvert ráðstöfunarfé (e. *discretionary income*). Gera skal úttekt á framkvæmdinni með vísan til leiðbeininga SA8000<sup>(1)</sup> um „launagreiðslur“.

vii. Heilbrigði & öryggi:

- Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um öryggi við notkun efna við vinnu, 1981 (nr. 170).
- Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1990 (nr. 155).

Á stöðum þar sem réttur til félagafrelsis og til almennra kjarasamninga er takmarkaður samkvæmt lögum skal fyrirtækið viðurkenna lögmæt starfsmannafélög sem það getur skipst á skoðunum við um málefni vinnustaðarins.

<sup>(1)</sup> Social Accountability International, Social Accountability 8000 International Standard, <http://www.sa-intl.org>

Úttektarferlið skal fela í sér samráð við ytri hagsmunaaðila í næsta nágrenni við staðina, þ.m.t. stéttarfélag, samtök í sveitarfélaginu, frjáls félagasamtök og sérfræðinga í vinnutengdum málefnum. Umsækjandi skal birta rafrænt uppsafnaðar niðurstöður og helstu uppgötvanir úr úttektinni til að leggja gögn um frammistöðu birgis síns fyrir áhugasama neytendur.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu ásamt afritum af vottorðum og úttektarskýrslur til stuðnings fyrir hverja stöð þar sem fullunnin vara er sett saman fyrir tegundina/tegundirnar sem eiga að fá umhverfismerki.

Úttekt þriðja aðila á vettvangi skal framkvæmd af einkaúttektaraðilum, sem hafa réttindi og hæfi til að meta hvort aðfangakeðja skóidnaðarins uppfyllir félagslegar viðmiðanir eða háttarisreglur eða, í löndum þar sem samþykkt Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar um vinnueftirlit í iðnaði og verslun (e. ILO *Labour Inspection Convention*) frá 1947 (nr. 81) hefur verið fullgilt og eftirlit af hálfu Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar bendir til þess að landsbundin vinnueftirlitskerfi séu skilvirk <sup>(1)</sup> og þar sem umfang eftirlitskerfanna nær yfir þau svið sem eru tilgreind hér að framan, af vinnueftirlitsaðila/-aðilum sem landsbundið yfirvald tilnefnir.

Vottorð, sem er(u) dagsett að hámarki 12 mánuðum fyrir umsóknina, frá kerfum eða ferlum þar sem gerð er úttekt á því hvort viðkomandi meginreglur tilgreindra grundvallarsamþykktu Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar ásamt viðbótarákvæðum um vinnustundir, launagreiðslur og heilbrigði og öryggi séu virt, skal/skulu tekin gild.

### **Viðmiðun 9 — Umbúðir**

Þessi viðmiðun á einungis við um grunnumbúðir eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB <sup>(2)</sup>.

#### 9.1. *Pappi og pappír*

Pappi og pappír, sem eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað, skulu vera úr 100% endurunnu efni.

#### 9.2. *Plast*

Plast, sem notað er sem lokaumbúðir um skófatnað, skal vera úr a.m.k. 80% endurunnu efni.

*Mat og sannprófun:* umsækjandi eða umbúðabirgji, eins og við á, skal leggja fram samræmisýfirlýsingu þar sem efnasamsetning umbúðanna og hlutar endurunns efnis og nýs efnis eru tilgreind.

### **Viðmiðun 10 — Upplýsingar á umbúðum**

#### 10.1. *Notendaleiðbeiningar*

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja vörunni:

- Leiðbeiningar um hreinsun og umhirðu skilgreindar fyrir hverja vöru.
- „Láttu gera við skóna fremur en að henda þeim. Það veldur minni umhverfisspjöllum.“
- „Vinsamlega fargið skófatnaði á viðeigandi staðbundnum söfnunarstað“

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðunum eða tillögu að hreinteikningu af umbúðum sem sýna notendaleiðbeiningar sem munu fylgja vörunni.

#### 10.2. *Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB*

Ef valkvæði merkimiðinn með textareitnum er notaður skulu þrjár af eftirfarandi yfirlýsingum, þar sem við á, koma fram:

- i. hráefni af náttúrulegum uppruna sem stjórnað er á sjálfbæran hátt (ef viðmiðun 1 á við),
- ii. dregið úr mengun í framleiðsluferlum,
- iii. lágmarksnotkun á hættulegum efnum,
- iv. prófað með tilliti til endingar,
- v. notuð er xx% lífræn baðmull (einungis er heimilt að setja þessa fullyrðingu fram ef meira en 95% af heildarmagni baðmullarinnar er lífrænt, á grundvelli viðmiðunar 1.2(a)).

<sup>(1)</sup> Sjá ILO NORMLEX (<http://www.ilo.org/dyn/normlex/en>) and supporting guidance.

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjórið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

[http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo\\_guidelines.pdf](http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf)

*Mat og sannprófun:* umsækjandi skal leggja fram samræmisýfirlýsingu ásamt sýnishorni af merkimiða vörunnar eða tillögu að hreinteikningu sem sýnir hvar umhverfismerki ESB er staðsett.

---

## VIÐBÆTUR

## SKRÁ YFIR EFNI SEM SÆTA TAKMÖRKUNUM

Skráin gildir um efni sem má nota í framleiðsluferlinu eða mega vera til staðar í fullunnu vörunni. Í skrá yfir efni sem sæta takmörkunum vegna umhverfismerkis ESB fyrir skófatnað eru tekin saman efni eða efnaflokkar sem skal sérstaklega takmarka í fullunnu vörunni, efnunum eða hlutum hennar eða uppskriftum fyrir framleiðsluna, eftir því sem við á, eða sannprófa hvort eru til staðar. Takmarkanirnar gilda um:

- framleiðslustig (t.d. leysilitun),
- uppskriftir, sem notaðar eru á framleiðslustigum skófatnaðarins (t.d. hjálparefni),
- ósamsett efni eða hluti (t.d. gervigúmmí eða náttúrulegt gúmmí),
- fullunnar vörur.

Notkunarvið, efni og/eða framleiðslustig, ef við á, umfang takmörkunar, sannprófun og/eða prófunarkröfur eru tilgreindar fyrir hverja kröfu.

Umsækjandi skal senda öllum efnabirgjum skrána yfir efni sem sæta takmörkunum.

Litið er svo á að textílvörur, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana í ákvörðun 2014/350/ESB, teljist uppfylla viðmiðun 6.

Tafla 1

Eftirfarandi takmarkanir gilda um tilgreind framleiðslustig.

Notkunarvið	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Sannprófun
a) Hjálparefni			
<p>Hver blanda eða samsetning sem er notuð á framleiðslustigum leðurs, textílefna og húðaðs leðurs og textílefna</p>	<p>Ekki skal nota eftirfarandi efni í neinar blöndur eða samsetningar sem eru notaðar á framleiðslustigum og eru háðar viðmiðunarmörkum fyrir tilvist efna í fullunnu vörunni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Nónýlfenól, blandaðar hverfur CAS-nr. 25154-52-3</li> <li>— 4-nónýlfenól CAS-nr. 104-40-5</li> <li>— 4-nónýlfenól, greinótt CAS-nr. 84852-15-3</li> <li>— Oktýlfenól CAS-nr. 27193-28-8</li> <li>— 4-oktýlfenól CAS-nr. 1806-26-4</li> <li>— 4-tert-oktýlfenól CAS-nr. 140-66-9</li> </ul> <p>Eftirtalin alkýlfenóletoxýlöt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Pólýoxýetýlað oktýlfenól CAS-nr. 9002-93-1</li> <li>— Pólýoxýetýlað nónýlfenól CAS-nr. 9016-45-9</li> <li>— Pólýoxýetýlað p-nónýlfenól CAS-nr. 26027-38-3</li> </ul>	<p>Heildarsumma 25 mg/kg fyrir textílefni</p> <p>Heildarsumma 100 mg/kg fyrir leður</p>	<p><i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu annað hvort leggja fram yfirlýsingu um að þessi efni hafi ekki verið notuð, sem er studd með öryggisblaði, eða prófunarniðurstöður fyrir fullunnu vöruna eða leður, textílefni, húðað leður eða textílefni sem mynda fullunna vöru. Prófunaraðferð: leður: EN ISO 18218-2 (óbein aðferð); textílefni og húðuð textílefni: EN ISO 18254 fyrir alkýlfenóletoxýlöt: að því er varðar alkýlfenól skal prófun á fullunninni vöru framkvæmd með leysisútdrætti og vökvaskiljun og massagreiningu eða gas- og massagreiningu í kjölfarið.</p>
<p>Litun og fullvinnsla í framleiðslu á leðri, textílefnum og húðuðu leðri og textílefnum</p>	<p>Ekki skal nota eftirfarandi efni í neinar blöndur eða samsetningar til litunar og fullvinnslu á leðri, húðuðu leðri og textílefnum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Bis(vetnað tólgaralkýl)dímetylammóníumklóríð (DTDMAC)</li> <li>— Dísterýldímetylammóníumklóríð (DSDMAC)</li> <li>— Dí(hert tólgar)dímetylammóníumklóríð (DHTDMAC)</li> <li>— Etýlendíamíntetraasetat (EDTA)</li> <li>— Díetýlentríamínþentaasetat (DTPA)</li> <li>— 4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól</li> <li>— Nítrílotríedíksýra (NTA)</li> </ul>	<p>Á ekki við</p>	<p><i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að efnin séu ekki notuð.</p>

Notkunarsvið	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Sannprófun
b) Kólófan			
Prentun, lökkun og líming	Ekki skal nota kólófan sem innihaldsefni í prentliti, lökk eða lím.	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða birgir/birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að efnin séu ekki notuð.
c) Leysar			
Hjálparefni, sem eru notuð í blöndur, samsetningar og lím fyrir leður, textílefni, húðað leður og textílefni, plast og fullunnar vörur	<p>Ekki skal nota eftirfarandi efni í neinar blöndur eða samsetningar til vinnslu á íhlutarefnum og í lím sem eru notuð við samsetningu fullunnar vörunnar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— 2-metoxýetanól</li> <li>— N,N-dímetylformamíð</li> <li>— 1-metyl-2-pýrrólídón</li> <li>— Bis(2-metoxýetyl)eter</li> <li>— 4,4'-díamínódífenýlmetan</li> <li>— 1,2,3-tríklórprópan</li> <li>— 1,2-díklóretan, etýlendíklóríð</li> <li>— 2-etoxýetanól</li> <li>— Bensen-1,4-díamíndíhýdróklóríð</li> <li>— Bis(2-metoxýetyl)eter</li> <li>— Formamíð</li> <li>— N-metyl-2-pýrrólídón</li> <li>— Tríklóretýlen</li> </ul>	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að efnin séu ekki notuð.
d) Klóruð paraffín			
Öll framleiðslustig fyrir leður, gervigúmmí, plast, textílefni og húðunarefni	Ekki skal nota keðjustutt, klóruð paraffín, C10-C13, í framleiðslu og fullvinnslu á leðri, gervigúmmí, plasti, textílefnum eða húðunarefnum.	Ekki greinanleg	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að keðjustutt, klóruð paraffín C10-C13 hafi ekki verið notuð, sem er studd með öryggisblaði. Að öðrum kosti skal umsækjandi og/eða efnabirgir/-birgjar leggja fram samræmisyfirlýsingu sem er studd með niðurstöðum úr prófunarskýrslu samkvæmt EN ISO 18219.

Notkunarvið	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Sannprófun
Vinnsla efna fyrir leður, gervigúmmí, plast, textílefni og húðunarefni	Takmarka skal miðlungslangkeðja, klóruð paraffín, C14-C17, í framleiðslu og fullvinnslu á leðri, gervigúmmí, plasti, textílefnunum eða húðunarefnum.	1000 mg/kg	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að miðlungslangkeðja, klóruð paraffín C14-C17 hafi ekki verið notuð, sem er studd með öryggisblaði. Að öðrum kosti skal umsækjandi og/eða efnabirgir/-birgjar leggja fram samræmisyfirlýsingu sem er studd með niðurstöðum úr prófunarskýrslu samkvæmt EN ISO 18219.
e) Sæfivörur (í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup> ).			
Notaðar í tengslum við flutning eða geymslu á hráefnum og hálfunnum efnunum, fullunnum vörum eða umbúðum um fullunna vöru	i. Einungis skal heimila eftirfarandi virk efni (í skilningi c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012): — virk efni, sem eru í skránni sem er tekin saman í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því er varðar viðkomandi vöruflokk (þ.e. trefjar, leður, gúmmí og fjöllíðuð efni), að því tilskildu að skilyrði og takmarkanir, sem þar koma fram, séu virt, — virk efni, sem eru skráð í I. viðauka við þá reglugerð, að því tilskildu að skilyrði eða takmarkanir, sem þar koma fram, séu virt, — virk efni sem verið er að rannsaka fyrir viðkomandi vöruflokk í vinnuáætluninni sem um getur í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi og efnabirgir skulu annað hvort leggja fram yfirlýsingu um að sæfandi, virk efni hafi ekki verið notuð fyrir flutning og geymslu eða sannanir um að notkun sæfandi, virkra efna sé leyfð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012.  Ef virk efni eru notuð skal leggja fram skrá yfir virk efni, sem er bætt við í tengslum við flutning eða geymslu á hráefnum, hálfunnum efnunum eða umbúðum um fullunna vöru, þ.m.t. tengdar hættusetningar.
	ii. Ekki skal blanda sæfivörum saman við fullunnar vörur eða neinn hluta þeirra meðan á samsetningu skófatnaðar stendur í þeim tilgangi að gefa fullunnu vörunni sæfandi eiginleika.	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi og efnisbirgir skulu leggja fram yfirlýsingar um að efnin séu ekki notuð í fullunnu vöruna eða neinn hluta hennar.
	iii. Ekki skal nota klórfeól (sölt þeirra og esterar), lífræn tinsambönd, (þ.m.t. trífútyltin, trífényltin, díbútyltin og díoktyltin), dímetýlfúmarat, tríklósan og nanósílfur í tengslum við flutning eða geymslu á vörunni, neinn hluta hennar eða neinn einsleitun hluta hennar og þeim skal ekki bætt við í fullunnu vöruna eða vöruumbúðir.	Ekki greinanleg	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að efnin séu ekki notuð. Yfirlýsingin skal studd með niðurstöðum úr prófun á fullunnu vörunni að því er varðar tilvist eftirfarandi efna:  <i>Klórfeól:</i> leður, EN ISO 17070, textílefni, XP G 08-015 (greiningarmörk: leður: 0,1 milljónarhlutar, textílefni: 0,05 milljónarhlutar).  <i>Dímetýlfúmarat:</i> ISO/TS 16186.



Notkunarsvið	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Sannprófun
f) Önnur tiltekin efni			
Uppskriftir fyrir framleiðsluna og lím sem eru notuð í fullunnu vöruna eða hluta hennar	<p>Ekki skal bæta eftirfarandi efnum af ásetningi við neinar blöndur og samsetningar eða í lím sem eru notuð við samsetningu skófatnaðarins:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Klóruð eða brómuð díoxín eða fúrön</li> <li>— Klóruð vetniskolefni (1,1,2,2-tetraklóretan, pentaklóretan, 1,1,2-tríklóretan, 1,1-díklóretýlen)</li> <li>— Hexaklórsýklóhexan</li> <li>— Mónómetýldíbrómdífenýlmetan</li> <li>— Mónómetýldíklórdífenýlmetan</li> <li>— Nítríð</li> <li>— Fjölbromuð bífenýl (PBB)</li> <li>— Pentabromdífenýleter (PeBDE)</li> <li>— Oktabromdífenýleter (OBDE)</li> <li>— Fjölkloruð bífenýl (PCB)</li> <li>— Fjölkloruð terfenýl (PCT)</li> <li>— Trí-(2,3-díbrómprópyl)-fosfat (TRIS)</li> <li>— Trímetýlfosfat</li> <li>— Tris(asirídínýl)fosfínnoxíð (TEPA)</li> <li>— Tris(2-klóretýl)fosfat (TCEP)</li> <li>— Dímetýlmetýlfosfónat (DMMP)</li> </ul>	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram yfirlýsingu um að efnin séu ekki notuð.

(<sup>1</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

Tafla 2

Eftirfarandi takmarkanir gilda um ferli sem fara fram í litunarstöðinni.

Notkunarvið	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Sannprófun																		
a) Burðarefni																					
Burðarefni sem eru notuð í litunarferlinu ef dreifuleysilitir eru notaðir	Ekki skal nota halógenuð efni til að hraða litun (burðarefni) (dæmi um burðarefni eru m.a.: 1,2-díklórbensen, 1,2,4-tríklórbensen, klórfenoxýetanól).	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram samræmisýfirlýsingu sem er studd með öryggisblaði.																		
Burðarefni sem eru notuð sem þanefni fyrir plast og frauð	Ekki skal nota halógenuð lífræn efnasambönd sem þanefni né hjálparþanefni.	Á ekki við	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram samræmisýfirlýsingu sem er studd með öryggisblaði.																		
b) Leysilitir sem eru háðir takmörkunum																					
Asólitir og asólitarefni Notkun í litunarferlinu	<p>Eftirfarandi krabbameinsvaldandi arómatísk amín skulu ekki vera til staðar í fullunnu vörunni.</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Arýlamín</th> <th>CAS-nr.</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>4-amínódífenýl</td> <td>92-67-1</td> </tr> <tr> <td>Bensidín</td> <td>92-87-5</td> </tr> <tr> <td>4-klór-o-tólúidín</td> <td>95-69-2</td> </tr> <tr> <td>2-naftýlamín</td> <td>91-59-8</td> </tr> <tr> <td>o-amínóasótólúen</td> <td>97-56-3</td> </tr> <tr> <td>2-amínó-4-nítrótólúen</td> <td>99-55-8</td> </tr> <tr> <td>p-klóranilín</td> <td>106-47-8</td> </tr> <tr> <td>2,4-díamínóanísól</td> <td>615-05-4</td> </tr> </tbody> </table>	Arýlamín	CAS-nr.	4-amínódífenýl	92-67-1	Bensidín	92-87-5	4-klór-o-tólúidín	95-69-2	2-naftýlamín	91-59-8	o-amínóasótólúen	97-56-3	2-amínó-4-nítrótólúen	99-55-8	p-klóranilín	106-47-8	2,4-díamínóanísól	615-05-4	30 mg/kg að því er varðar hvert arýlamín í fullunnu vörunni	<i>Mat og sannprófun:</i> umsækjandi eða efnabirgir/-birgjar skulu leggja fram samræmisýfirlýsingu sem er studd með niðurstöðum úr sérstakri prófun samkvæmt EN 14362-1:2012 og 3:2012 að því er varðar textílefni og CEN ISO/TS 17234-1 og 2 að því er varðar leður. <i>(Aths.: falsjávæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar tilvist 4-amínóasóbensens og því skal greina frá þeim).</i>
Arýlamín	CAS-nr.																				
4-amínódífenýl	92-67-1																				
Bensidín	92-87-5																				
4-klór-o-tólúidín	95-69-2																				
2-naftýlamín	91-59-8																				
o-amínóasótólúen	97-56-3																				
2-amínó-4-nítrótólúen	99-55-8																				
p-klóranilín	106-47-8																				
2,4-díamínóanísól	615-05-4																				

Notkunarsvið	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Sannprófun																																		
